



Hafnarfirði 24. janúar 2017

Bæjarráð Hafnarfjarðar

Erindi.

Ósk um endurskoðun rekstrarsamnings/þjónustusamnings vegna Björgunar og Slysavarnamiðstöðvar Hafnarfjarðar.

Forsagan.

Allt frá árinu 1992 hefur verið unnið að því markmiði að koma björgunar og slysavarnastarfi í Hafnarfirði í hentugt framtíðarhúsnæði. Málið var komið á nokkurn rekspól á árunum fyrir aldamót og höfðu þá sveitirnar 2 og Hraunprýði fengið úthlutað lóðum. Annars vegar Strandgötu 86 og hins vegar Gjótuhrauni. Ljóst varð við sameiningu sveitanna í febrúar árið 2000 að hvorug lóðin hentaði undir starfsemi sameinaðrar sveitar. Tímabundin niðurstaða var sú að sveitin myndi nýta aðstöðuna að Flatahrauni 14 tímabundið til 5 ára þar til niðurstaða fengist í framtíðalausn málsins. Um mitt ár 2001 hófs að nýju vinna við að finna starfseminni hentugan stað.

Nokkuð margir möguleikar voru skoðaðir og gerða tillögur að húsi á þeim stöðum sem í umræðunni voru t.a.m Drafnarslippur, Malir aukfleirri staða á hafnarsvæðinu. Eftir nokkra vinnu varð úr að lóðin á Hvaleyrarbrautinni væri sá raunhæfi möguleiki sem horft skyldi til.

Frá árinu 2005 var unnið að því að skipuleggja lóðina gefa út mæliblað o.þ.h. Byrjað var jafnframt að fylla lóðina upp með burðarhæfu efni og var fyllt um 8000m³ á árunum 2006-2007.

Til stóð að hafja framkvæmdir á árinu 2008 en áföllinn í bankakerfinu urðu til þess að fresta framkvæmdinni. Farið var í frekari þarfagreiningu og húsið skorið niður um 400m². Vinnu við hönnunarbreytingar lauk á árinu 2009. Fleiri möguleikar voru skoðaðir á þessum tímamarki þ.a.m kaup á Hringhellu 9 (gamla þjónustumiðstöð). Framkvæmdir hófust í lok árs 2010, eftir undirritun samnings við HFJB.



Samningur.

Unnið hefur verið að samningsgerð í nokkrum áföngum undanfarin 20 ár. Markmið með þeirri vinnu var að skapa Björgunarsveitinn sem og Slysavarnadeildinni viðunandi aðstöðu til framtíðaruppbyggingar. Ávalt hefur verið horft til þeirra samninga sem gerðir hafa verið inn íþróttahreyfingarinnar í bænum.

Ljóst var á árinu 2009 að samningagerðin yrði nokkuð snúin vegna þeirra aðstæðna sem uppi voru í efnahagslífinu. Því má segja að samningurinn beri þess nokkur merki, það var þó ákveðið að koma verkefninu á legg í stað þess að hætta við.

Samningurinn sem undirritaður var 4.nóvember 2010 var því mjög varfærinn og í takt við umhverfið á þeim tíma. Það var vilji allra að koma honum frá en jafnframt að hann yrði tekinn til endurskoðunar þegar birta færi til í fjárhag HFJB.

Líkt og rætt hefur verið á undanförunum misserum þá leggjum við til endurskoðun sem í takt við þær þarfir sem uppi eru.

Tillaga sveitarinnar er að samningurinn verði endurskoðaður m.v þær umræður sem farið hafa fram um málið og í takt við grein. nr. 10 í gildandi samningi. Með því er tryggt að rekstur hússinns sem og sveitarinnar verði í takt við væntingar allra til starfisins.

Meðfylgjandi eru drög að endurnýjuðum samningi sem orðið hefur til eftir samræður milli aðila frá kynningu í bæjarráði 22. maí 2014.

Fyrir hönd stjórnar Björgunarsveitar Hafnarfjarðar.

Júlíus Gunnarsson



Björgunar og slysavarnamiðstöð Hafnarfjarðar

Þjónustusamningur

Hafnarfjarðarbær
og
Björgunarsveit Hafnarfjarðar



Aðilar samnings þessa,

Hafnarfjarðarbær (hér eftir nefndur HFJB), kt. 590169-7579,

og

Björgunarsveit Hafnarfjarðar (hér eftir nefnd BH), kt. 410200-3170,

gera með sér svofelldan þjónustusamning um rekstur björgunar- og slysavarnamiðstöðvar í Hafnarfirði.

Forsendur samnings þessa er viljayfirlýsing Hafnarfjarðarbæjar, Björgunarsveitar Hafnarfjarðar og Slysavarnardeildar Hraunprýði frá 27. febrúar 2010, sjá fylgiskjal nr. 1 með þessum samningi.

I. Gildissvið samnings

1. gr.

BH tekur að sér rekstur björgunar- og slysavarnamiðstöðvar að Hvaleyrarbraut 32, þar með talið búnaðargeymslu, félags- og þjálfunaraðstöðu, auk véla- og tækjaaðstöðu.

BH mun fá í sinn hlut allar þær tekjur sem björgunarmiðstöðin kann að gefa af sér, í samræmi við samning þennan, og greiða allan kostnað sem af rekstri hennar leiðir.

II. Afnot og starfsemi björgunarmiðstöðvarinnar

2. gr.

Hafnarfjarðarbær tekur þátt í rekstri björgunarmiðstöðvarinnar með árlegu framlagi. Framlagið greiðist í 12 jöfnum greiðslum. Framlagið við upphaf rekstrar nemur, á fyrsta ári gildistíma endurnýjaðs samnings, kr. 21.600.000,- og ákvarðast síðan árlega í fjárhagsáætlun Hafnarfjarðarbæjar að teknu tilliti til þróunar verðlags.

Við ákvörðun árlegs rekstrarframlags skal tekið mið af hækkun vísitölu neysluverðs, hækkunin skal þá takmarkast við efri mörk verðbólguþrögnarmarkmiðs Seðlabanka Íslands (nú 4%). Verði hækkun neysluverðs umfram verðbólguþrögnarmarkmið deila samningsaðilar umframhækkun til jafns. BH skal skila inn greinargerð fyrir 1. nóv ár hvert þar sem gerð er grein fyrir áætluðum fjárhæðum komandi árs m.v forsendur samningsins.



BH skuldbindur sig til að verja ákveðnum hluta framlagsins, að lágmarki 15%, til unglinga- og æskulýðsmála þ.m.t. forvarnarmála. BH skal í ársskýrslu sinni til bæjarstjórnar gera sérstaklega grein fyrir því hvernig þeim fjármunum er varið.

Að öðru leyti skal verja fjárframlagi Hafnarfjarðarbæjar til nýliðabjálfunar, bjálfunar björgunarmanna, viðhaldi og rekstri tækjabúnaðar og viðhaldi og bjálfun vegna almannavarnabúnaðar.

Jafnframt skuldbindur björgunarsveitin sig til að koma að eftirfarandi:

1. Gæsla við dorgveiðikeppni íþróttá- og tómstundaneftndar Hafnarfjarðar (ÍTH).
2. Kemur að skipulagningu Sjómannadagsins í Hafnarfirði.

III. Viðhald

4. gr.

BH skal sjá um allt viðhald og viðgerðir á innanstokksmunum, tækjum og búnaði björgunarmiðstöðvarinnar með fullnægjandi hætti og á þann hátt að starfsemi hússins verði ekki fyrir truflunum. Lögð skal áhersla á að viðhaldið sé fyrirbyggjandi og að öllum öryggiskröfum verði fylgt hverju sinni.

IV. Upplýsingaskylda BH og viðurlög

6. gr.

BH skuldbindur sig til að leggja fram ársskýrslu þar sem fram koma upplýsingar um starfsemi sveitarinnar á liðnu ári, sem og lykiltölur úr rekstri. Skýrslunni skal skila til Hafnarfjarðarbæjar eigi síðar en í apríl ár hvert.

7. gr.

Telji Hafnarfjarðarbær að björgunarmiðstöðin sé ekki rekin samkvæmt samningi þessum, , reglum um heilbrigði og öryggi, skal Hafnarfjarðarbær skriflega knýja á um úrbætur á því sem ábótavant er. Verði BH ekki við þeim tilmælum er Hafnarfjarðarbæ heimilt að stöðva greiðslur samkvæmt samningi þessum uns úrbætur hafa átt sér stað.

V. Ýmislegt

8. gr.



Hafnarfjarðarbær skal eiga rétt á að nýta björgunarmiðstöðina í einstaka tilfellum án endurgjalds fyrir starfsemi eða uppákomur á vegum bæjarins, þó þannig að það raski ekki hefðbundinni starfsemi félagsins. Um slík afnot skal haft samráð við **stjórn BH** og áform þar um tilkynnt með minnst tveggja vikna fyrirvara.

9. gr.

Samningur þessi tekur gildi 1.febrúar 2017 og leysir þar með af hólmi eldri samning sem gildir fram að þeim tíma og gildir til ársloka 2037. Heimilt er að endurskoða samning þennan verði verulegar breytingar á umfangi rekstrar eða að forsendur fyrir rekstri björgunarmiðstöðvarinnar breytast. Gert er ráð fyrir að fylgiskjöl verði tekin til endurskoðunar svo oft sem þurfa þykir. Samningurinn í heild sinni skal endurskoðaður á 5 ára fresti, í fyrsta sinn fyrir 1. september 2022 og síðan fyrir 1.september á hverju endurskoðunarári.

10. gr.

Samningur þessi er samtals x blaðsíður og er gerður í tveimur samhljóða eintökum og heldur hver aðili sínu eintaki.

Samningur þessi skal staðfestur með undirritun í votta viðurvist.

Hafnarfirði, xx. 2017

Fh. Björgunarsveitar Hafnarfjarðar

Fh. Hafnarfjarðarbæjar

Vottar að réttri dagsetningu
og undirskrift aðila:
